



Samband íslenskra  
sveitarfélaga

# Samtaka um hringrásarhagkerfi

*Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku*

---

Vestfirðir

Greinargerð vegna svæðisáætlunar



Stefán Gíslason,  
Environice, október 2022



Stefán Gíslason  
Umhverfissráðgjöf Íslands ehf. (Environice)  
Fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga  
Haust 2022

Mynd á forsíðu:  
Í Öfundarfirði sumarið 2016  
Ljósm. Stefán Gíslason



## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	5
2	Staða úrgangsmála í apríl 2022.....	6
2.1	Fyrirkomulag söfnunar.....	6
2.2	Grenndarstöðvar.....	7
2.3	Söfnunar- og móttökustöðvar.....	7
2.4	Önnur söfnun og flokkun.....	8
2.5	Förgunarstaðir/meðhöndlunarstaðir.....	8
2.6	Önnur ráðstöfun úrgangs.....	9
2.7	Samningar við verktaka.....	9
2.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður.....	9
2.9	Útgáfa og kynning.....	11
2.10	Framtíðarsýn.....	11
2.11	Magntölur 2021.....	12
2.12	Markmið á ábyrgð sveitarfélaga.....	15
3	Vinnusmiðja 4. maí 2022.....	19
3.1	Þátttakendur.....	19
3.2	Helstu niðurstöður.....	20
3.2.1	Úrgangsforvarnir.....	20
3.2.2	Söfnun og flokkun.....	20
3.2.3	Innviðir.....	20
3.2.4	Ráðstöfun flokkaðs úrgangs.....	20
3.2.5	Ráðstöfun „sérstaks“ úrgangs.....	20
3.2.6	Ráðstöfun blandaðs úrgangs.....	21
3.2.7	Gjaldtaka.....	21
3.2.8	Samstarf og/eða samræming.....	21
3.2.9	Upplýsingar og fræðsla.....	21
3.2.10	Næstu skref.....	21
4	Hvað þarfnast úrbóta?.....	22
4.1	Fyrirkomulag söfnunar.....	22
4.2	Söfnunar- og móttökustöðvar.....	22
4.3	Önnur söfnun og flokkun.....	22
4.4	Ráðstöfun úrgangs.....	22
4.5	Samningar við verktaka.....	23
4.6	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður.....	23
4.7	Útgáfa og kynning.....	23



---

4.8 Samstarf og samræming.....	24
Viðauki: Skýringar við einstaka úrgangsflokka og ráðstöfun þeirra .....	25



## 1 Inngangur

Verkefnið „Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku“ er hluti af átaki Sambands íslenskra sveitarfélaga undir yfirskriftinni „Samtaka um hringrásarhagkerfi“. Verkefnið hefur það markmið að efla og styrkja svæðisáætlanagerð sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs sem vettvangur upplýstrar ákvarðanatöku í úrgangsstjórnun og er hugsað sem vettvangur sameiginlegrar þátttöku sveitarfélaga sem hafa ákveðið að standa saman að gerð svæðisáætlunar, skv. 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Einnig geta sveitarfélög tekið þátt í verkefninu ein og sér.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Samkvæmt breytingu á þessari sömu lagagrein, sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2023, skal Umhverfisstofnun hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gefi út svæðisáætlanir og senda umhverfisráðuneytinu ábendingu ef „sveitarstjórn gefur ekki út svæðisáætlun eða svæðisáætlun er ekki í samræmi við lög og reglur“.

Sveitarfélög sem taka þátt í svæðisáætlanahluta átaksins „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ fá:

1. Lágmarksstöðumat á sínu svæði á magni úrgangs í einstökum flokkum og fleiri þáttum sem skipta máli fyrir úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs
2. Tækifæri til að taka þátt í vinnusmiðju um svæðisáætlanir þar sem fram fer fræðsla og samtal um úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi
3. Stutta greinargerð um stöðu, markmið og aðgerðir á svæðinu
4. Möguleika á þátttöku í reglulegum fundum sem sambandið mun standa fyrir um úrgangsstjórnun sveitarfélaga og hringrásarhagkerfið

Á Vestfjörðum eru níu sveitarfélög. Meirihluti þeirra skráði sig til þátttöku í verkefninu sem hér um ræðir og á vinnusmiðju sem haldin var að Holti í Önundarfirði 4. maí 2022 mættu fulltrúar allra sveitarfélaga í landshlutanum. Greinargerðin sem hér lítur dagsins ljós hefur að geyma upplýsingar um stöðu úrgangsmála á Vestfjörðum, miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir á þessum tíma, helstu niðurstöður umræðna sem fram fóru á vinnusmiðjunni og ábendingar um úrbætur sem líklegt er að sveitarfélögin á Vestfjörðum þurfi að ráðast í til að bæta stöðu úrgangsmála í landshlutanum.

Þann 1. janúar 2022 voru 7.205 íbúar skráðir með lögheimili á Vestfjörðum. Þar af bjuggu 233 í Reykhólahreppi, 1.131 í Vesturbyggð, 255 í Tálknafjarðarhreppi, 3.840 í Ísafjarðarbæ, 956 í Bolungarvíkurkaupstað, 215 í Súðavíkurhreppi, 424 í Strandabyggð, 109 í Kaldrananeshreppi og 42 í Árneshreppi.



## 2 Staða úrgangsmála í apríl 2022

### 2.1 Fyrirkomulag söfnunar

Í Reykhólahreppi eru þrjú ílát við hvert heimili, þ.e. grátt ílát fyrir blandaðan úrgang, grænt fyrir pappír, plast og málma og brúnt fyrir lífúrgang. Gráa ílátið er alla jafna losað á fjögurra vikna fresti, græna ílátið á sex vikna fresti og það brúna á fjögurra vikna fresti, en þó aðeins yfir sumarmánuðina. Íslenska gámafélagið (ÍGF) hefur séð um úrgangsjónustuna í Reykhólahreppi síðan í júní 2021, en fram að þeim tíma sá Terra (áður Gámaþjónusta Vesturlands) um þessa þjónustu.

Vesturbyggð og Tálknafjörður vinna saman að úrgangsmálum. Þar eru þrjú ílát við hvert heimili í þéttbýli, þ.e. grátt ílát fyrir blandaðan úrgang, blátt/grænt fyrir pappír og brúnt fyrir lífúrgang. Í bláa/græna ílátinu er 55 l hólf fyrir umbúðaplast, plastfilmu og málma. Lífúrgangi er ekki safnað á Barðaströnd og heldur ekki annars staðar í dreifbýli sveitarfélaganna. Bláa/græna ílátið er yfirleitt losað á tveggja vikna fresti en hin á fjögurra vikna fresti. Kubbur ehf. hefur séð um úrgangsjónustuna frá því í september 2021, en áður var Terra með samning við sveitarfélögin.

Í Ísafjarðarbæ eru tvö ílát við hvert heimili, annað fyrir blandaðan úrgang og hitt fyrir úrgang til endurvinnslu. Í því fyrrnefnda er hólf fyrir lífúrgang og í endurvinnsluílátinu eru tvö hólf; annað fyrir pappír og hitt fyrir plast og málma. Öll ílát eru losuð á tveggja vikna fresti. Rekstraraðilar sjá sjálfir um söfnun og meðferð á sínum úrgangi og er frjálst að semja við einkaaðila um hirðu og flokkun. Sveitarfélagið er með samning við Terra um úrgangsjónustuna.

Í Bolungarvík eru tvö ílát við fyrir hvert heimili, annað fyrir blandaðan úrgang og hitt fyrir úrgang til endurvinnslu (pappír og pappa, plast og málma). Sér söfnun lífúrgangs er ekki hafin. Kubbur ehf. sér um úrgangsjónustuna.

Í Súðavíkurbæ er að grunni til sama fyrirkomulag og í Bolungarvík, nema hvað úrgangi í dreifbýli er safnað í grenndargáma. Gráu ílátin í þéttbýlinu (blandaður úrgangur) eru losuð með tveggja vikna millibili og grænu ílátin (úrgangur til endurvinnslu) fjórðu hverja viku.

Sorpsamlag Strandasýslu ehf. annast sorphirðu og ráðstöfun úrgangs fyrir hluthafa samlagsins, þ.e.a.s. fyrir sveitarfélögin á Ströndum (Strandabyggð, Kaldrananeshrepp og Árneshrepp). Þar eru aðeins grá ílát fyrir blandaðan úrgang við heimili, en íbúar fara sjálfir með flokkaðan úrgang á söfnunarstöðvar (sjá síðar). Ílát eru almennt losuð á tveggja vikna fresti á sumrin, en í dreifbýli eru losanir strjálly yfir vetrarmánuðina.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir söfnun úrgangs frá heimilum í sveitarfélögum á Vestfjörðum. „X“ í töflunni þýðir að úrgangsflokki sé safnað sérstaklega en „-“ að svo sé ekki. „X“ í sameinuðum reitum þýðir að viðkomandi flokkum sé safnað saman í eitt ílát við hvert heimili.



Tafla 1. Séröfnun úrgangs frá heimilum á Vestfjörðum.

	Reykholahreppur	Vesturbyggð	Tálknafjarðarhreppur	Ísafjarðarbær	Bolungarvíkurkaupst.	Súðavíkurhreppur	Strandabyggð	Kaldrananeshreppur	Árneshreppur
<b>Þéttbýli</b>									
Blandaður úrgangur	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Pappír og pappi		X	X	X			-	-	-
Plast	X	X	X	X	X	X	-	-	-
Málmar							-	-	-
Lífúrgangur	X	X	X	X	-	-	-	-	-
<b>Dreifbýli</b>									
Blandaður úrgangur	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Pappír og pappi		X	X	X			-	-	-
Plast	X	X	X	X	X		-	-	-
Málmar							-	-	-
Lífúrgangur	X	-	-	X	-	-	-	-	-

## 2.2 Grenndarstöðvar

Grenndargámar eru fremur fáséðir á Vestfjörðum. Þó eru t.a.m. fimm grenndargámar fyrir gler innan marka Ísafjarðarbæjar.

Íbúar og sumarbúastaðaeigendur í dreifbýli Súðavíkurhrepps losa úrgang í átta gáma sem eru þjónustaðir af Sorpsamlagi Strandasýslu.

Á nokkrum stöðum í fjórðungnum eru „flokkunarbarir“, þ.e. hús með lúgum fyrir mismunandi úrgangsflokka, (sjá hér að neðan).

## 2.3 Söfnunar- og móttökustöðvar

Reykholahreppur rekur flokkunarstöð að Suðurbraut 10, en ekki liggja fyrir nánari upplýsingar um starfsemina þar.

Gámastöðvar eru reknar á Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði. Þangað er hægt að koma með flesta flokka úrgangs á opnunartímum, sem eru 2-3 daga í viku í 2 klst. í senn. Á hverjum stað er svokallaður flokkunargámur eða „flokkunarbar“, þ.e. hús með lúgum fyrir helstu flokka af þurru endurvinnsluefni, þ.m.t. fyrir rafhlöður og kertaafganga. Húsin eru aðgengileg allan sólarhringinn og í reynd má líta á þau sem grenndarstöðvar.

Í Ísafjarðarbæ eru fjórar gámastöðvar, þ.e. á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Ísafirði (í Engidal). Stöðvarnar eru opnar 2-3 daga í viku, yfirleitt 1 klst. í senn. Á Ísafirði er þó opið alla daga nema sunnudaga, 9 klst. á virkum dögum og 4 klst. á laugardögum.

Í Bolungarvík er gámastöð við áhaldahús bæjarins. Þar er opið á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 15:00-18:30, svo og kl. 10-14 á laugardögum yfir



sumarmánuðina. Íbúum er frjálst að losa sig við allt að 1 m<sup>3</sup> af almennum heimilisúrgangi á stöðinni dag hvern án gjaldtöku.

Í Súðavík er gámastöð við Njarðarbraut. Stöðin er opin kl. 16-17 á þriðjudögum og í stuttan tíma á laugardögum yfir sumarmánuðina. Ekki er tekið gjald fyrir litla farma heimilisúrgangs frá heimilum, en fyrirtæki greiða fyrir móttöku.

Aðalflokkunarstöð Sorpsamlags Strandasýslu er staðsett að Skeiði 3 á Hólmavík. Þangað er hægt er að fara með flokkaðan endurvinnanlegan úrgang allan sólarhringinn og setja inn um lúgur (í „flokunarbar“). Timbur, járn og stærra rusl fer í þar til gerða gáma á útsvæði. Ef um mikið magn af endurvinnanlegum úrgangi er að ræða þarf að hafa samband við starfsmenn og finna tíma fyrir móttöku. Flokkunarbarir eru einnig á Drangnesi og í Árneshreppi. Á Drangnesi er einnig lokaður gámur fyrir heimilisúrgang til urðunar. Bannað er að setja endurvinnanlegan úrgang í slíka gáma.

#### 2.4 Önnur söfnun og flokkun

Í Ísafjarðarbæ er gámur fyrir garðúrgang komið fyrir í Hnífsdal, á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri í byrjun sumars. Í Bolungarvík er ætlast til að farið sé með garðaúrgang í gámastöðina. Að öðru leyti liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir um fyrirkomulag á söfnun úrgangs sem ekki fer hinar hefðbundnu leiðir (þ.m.t. heyrulluplast, dýrahræ, nytjahlutir, fatnaður og skilagjaldsumbúðir).

#### 2.5 Förgunarstaðir/meðhöndlunarstaðir

Þrír staðir á Vestfjörðum hafa gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun fyrir meðhöndlun úrgangs. Þá eru þar a.m.k. tveir aflagðir urðunarstaðir sem eru háðir fyrirmælum Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun. Um er að ræða eftirtalda staði:

- Bolungarvíkurkaupstaður rekur urðunarstað fyrir óvirkan úrgang í landi Hóls. Þar er heimilt að taka á móti og urða allt að 600 tonn af óvirkum úrgangi á ári, auk þess sem taka má á móti viðarúrgangi og garðaúrgangi til jarðgerðar.
- Sorpsamlag Strandasýslu rekur urðunarstað í landi Skeljavíkur við Hólmavík. Þar er heimilt að taka á móti allt að 500 tonnum á ári til urðunar, úrvinnslu og geymslu, enda sé úrgangurinn uppruninn á Ströndum eða í dreifbýli Súðavíkurhrepps. Starfsleyfi staðarins var gefið út 10. júlí 2012 og gildir til sömu dagsetningar 2028.
- Ísafjarðarbær rekur móttöku- og söfnunarstöð í Engidal með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til að taka á móti allt að 3.000 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, umhleðslu, pökkunar og geymslu.
- Aflagður urðunarstaður er staðsettur í Vatnseyrarhlíð í Vesturbyggð. Umhverfisstofnun gaf út fyrirmæli um frágang og vöktun staðarins 29. janúar 2015, sem gilda til sama dags 2045.
- Sorpbrennslan Funi rak á sínum tíma urðunarstað við Klofning á Flateyri. Þar mátti urða allt að 1.000 tonnum af óbrennanlegum úrgangi á ári. Starfsleyfi staðarins var fellt úr gildi 23. mars 2011 og Umhverfisstofnun gaf út fyrirmæli um lokun og vöktun 15. nóvember 2012.

Terra jarðgerir lífrænan úrgang í jarðgerðargámum í Ísafjarðarbæ. Nánari upplýsingar um starfsemina liggja ekki fyrir.





Vitað er um a.m.k. 10 miltisbrunagrafir á Vestfjörðum, þar af þrjár í Reykhólahreppi og fimm á Ströndum. Þörf er á að tilgreina grafir af þessu tagi með sem nákvæmustum hætti í svæðisáætlun og merkja þá inn á skipulagsupprætti til að draga úr hættu á að þeim verði raskað í náninni framtíð.

## 2.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

Langstærstur hluti þess blandaða úrgangs sem til fellur á Vestfjörðum er fluttur til urðunar á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf. í Fíflholtum á Mýrum. Þetta fyrirkomulag hefur verið viðhaft frá því að sorpbrennslustöðinni Funa í Engidal í Skutulsfirði var lokað árið 2010. Úrgangur sem fellur til á starfssvæði Sorpsamlags Strandasýslu er hins vegar urðaður á urðunarstaðnum í Skeljavík við Hólmavík (sjá framar).

Lífúrgangur sem safnað er í Ísafjarðarbæ er jarðgerður í jarðgerðargámum Terra á Ísafirði. Lífúrgangur úr Reykhólahreppi er væntanlega fluttur til jarðgerðar í Reykjavík, en ekki liggja fyrir upplýsingar um meðhöndlunarleiðir lífúrgangs frá Vesturbyggð og Tálknafirði. Annar úrgangur til endurvinnslu er fluttur í aðra landshluta og þaðan til útlanda. Ekki liggja fyrir upplýsingar um ráðstöfun garðaúrgangs, en hér er gert ráð fyrir að hann sé losaður á opnum svæðum eða á einhvers konar tipp án nokkurrar vinnslu. Sú ráðstöfun uppfyllir ekki það skilyrði endurnýtingar að úrgangurinn komi í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni og hefði ella verið notað í sama tilgangi, (sjá nánari skýringar í viðauka).

## 2.7 Samningar við verktaka

Sjá umfjöllun undir liðnum „Fyrirkomulag sorphirðu“ hér að framan. Eins og þar kemur fram sér ÍGF um þjónustuna í Reykhólahreppi, Kubbur sér um Vesturbyggð, Tálknafjörð og Bolungarvík og Terra er með samninga við Ísafjarðarbæ og Súðavíkurrepp. Sorpsamlag Strandasýslu ehf. sér um úrgangspjónustuna á Ströndum og í dreifbýli Súðavíkurrepps.

## 2.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir gildandi samþykktir og gjaldskrár vegna meðhöndlunar úrgangs, sem gilda í sveitarfélögunum á Vestfjörðum.



Tafla 2. Gildandi samþykktir og gjaldskrár sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna meðhöndlunar úrgangs, (miðað við 30. apríl 2022).

Sveitarfélag	Númer	Heiti skjals (stytt)
Reykholahreppur	662/2016	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs
	1764/2021	Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs
Vesturbyggð	1634/2021	Samþykkt 16. des. 2021, finnst ekki í Stjórnartíðindum
		Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs
Tálknafjarðarhreppur		Samþykkt finnst ekki Gjaldskrá samþ. 15. des. 2021, finnst ekki í Stjórnartíð.
Ísafjarðarbær	162/2019	Samþykkt um sorphirðu
	1439/2021	Gjaldskrá f. söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps
Bolungarvíkurkaupstaður		Samþykkt finnst ekki Gjaldskrá finnst ekki
Súðavíkurhreppur	816/2003	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs
	1141/2011	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu
Árneshreppur		Samþykkt finnst ekki Gjaldskrá finnst ekki
Kaldrananeshreppur	110/2019	Samþykkt finnst ekki
		Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu
Strandabyggð	137/2022	Samþykkt finnst ekki
		Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu

Af töflunni má ráða að þörf sé á að endurskoða samþykktir sveitarfélaganna á Vestfjörðum um meðhöndlun úrgangs og vinna nýjar samþykktir þar sem slíkt hefur ekki verið gert. Þá taka gjaldskrár eðlilega ekki mið af þeim breytingum sem verða 1. janúar 2023.

Í Reykholahreppi leggst eitt 60.000 kr. sorpeyðingargjald á hverja íbúð, 17.878 kr. á sumarhús og 35.729 kr. á lögbýli og atvinnuhúsnæði.

Í Vesturbyggð er gjaldið að grunni til tvískipt. Sorphirðugjald upp á 38.649 kr. er lagt á hvert fasteignanúmer. Þar við bætist svo sorpeyðingargjald sem er 37.546 kr. fyrir íbúðarhúsnæði og 27.286 kr. fyrir sumarhús. Í Tálknafjarðarhreppi er sama fyrirkomulag viðhaft og fjárhæðir gjalda eru þær sömu.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að sorphirðugjald verði 19.900 kr. og sorpförgunargjald 37.900 kr. Auk þess leggst sorpförgunargjald upp á 18.950 kr. á sumarhústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu.

Í Kaldrananeshreppi greiða sumarhús í þéttbýli, íbúðarhús og lögbýli árlegt gjald upp á 35.667 kr. Sumarhús í dreifbýli greiða 28.980 kr. Lögaðilar greiða hins vegar sorphirðugjald fyrir hverja starfsstöð. Sveitarstjórn skipar þessum aðilum í 9 gjaldflokka og nema gjöldin 38.397-479.966 kr. á ári.

Fyrirkomulagið í Strandabyggð er að grunni til sambærilegt því sem er í Kaldrananeshreppi. Þar er gjaldið 52.565 kr. á hverja íbúð í þéttbýli, 43.330 kr. á hvert



lögbyli og íbúðarhús í dreifbýli og 26.280 kr. á hvert sumarhús, enda geti notendur nýtt gámasvæði og flokkunarstöð sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skipar lögaðilum í 11 gjaldflokka eftir eðli og umfangi og nema gjöldin 52.565-4.205.290 kr. á ári.

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld sveitarfélaganna á Vestfjörðum vegna sorphreinsunar og sorpeyðingar (málafl. 08-2) árið 2020,<sup>1</sup> svo og tekjur af gjöldum fyrir meðhöndlun úrgangs.<sup>2</sup>

Tafla 3. Tekjur og gjöld sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna úrgangsmála (08-2) 2020.  
(Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Upphæðir í heilum krónum).

	Íbúar 1.1.2021	Heildarútgjöld		Tekjur málaflokksins		Nettóútgjöld	Niðurgreiðslur úr sveitarsjóði	
		Kr	Kr/íbúa	Kr	Kr/íbúa		Kr/íbúa	%
Reykhólahreppur	236	23.201.880	98.313	7.273.528	30.820	15.928.352	67.493	69%
Vesturbyggð	1.064	60.915.533	57.251	48.267.986	45.365	12.647.547	11.887	21%
Tálknafjarðarhreppur	268	10.375.793	38.716	11.370.350	42.427	-994.557	-3.711	-10%
Ísafjarðarbær	3.794	104.273.440	27.484	92.054.241	24.263	12.219.199	3.221	12%
Bolungarvíkurkaupstaður	958	33.800.657	35.283	24.913.059	26.005	8.887.598	9.277	26%
Súðavíkurhreppur	201	9.556.438	47.544	6.633.244	33.001	2.923.194	14.543	31%
Árneshreppur	42	2.336.000	55.619	672.000	16.000	1.664.000	39.619	71%
Kaldrananeshreppur	110	7.352.320	66.839	8.020.417	72.913	-668.097	-6.074	-9%
Strandabyggð	435	25.356.808	58.292	17.076.846	39.257	8.279.962	19.034	33%
<b>SAMTALS og meðaltöl</b>	<b>7.108</b>	<b>277.168.869</b>	<b>38.994</b>	<b>216.281.671</b>	<b>30.428</b>	<b>60.887.198</b>	<b>8.566</b>	<b>22%</b>

Samkvæmt 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, skulu sveitarfélög innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Eins og sjá má á töflunni hér að framan varð afgangur af rekstri úrgangsmálaflokksins árið 2020 í Tálknafjarðarhreppi og Kaldrananeshreppi. Í báðum tilvikum var afgangurinn um 10%, sem ætla má að sé innan skekkjumarka. Svipað má segja um Ísafjarðarbæ þar sem niðurgreiðsla úr sveitarsjóði nam 12% af heildarkostnaði. Önnur sveitarfélög á Vestfjörðum er langt frá því að uppfylla ákvæði 23. gr. Verst er staðan í Reykhólahreppi og Árneshreppi, þar sem niðurgreiðslan nemur um 70%. Heildarkostnaðurinn var sýnu hæstur í Reykhólahreppi, rúmar 98 þús. kr. á íbúa. Þar var niðurgreiðslan einnig hæst í krónum talið, eða rúmar 67 þús. kr. á íbúa.

## 2.9 Útgáfa og kynning

Flest sveitarfélögin birta hirðudagatöl og aðrar upplýsingar um úrgangsmál á vefsíðum sínum, og/eða vísa í upplýsingar á vefsíðum þjónustuaðila. Upplýsingagjöf er þó alla jafna takmörkuð í fámennari sveitarfélögunum. Þannig eru upplýsingar á heimasíðu Reykhólahrepps býsna takmarkaðar, hirðudagatal Súðavíkurhrepps hefur ekki verið uppfært síðan 2020, engar upplýsingar um úrgangsmál finnast í fljótu bragði á vefsíðu Árneshrepps og svipað má segja um Kaldrananeshrepp. Þar má þó finna úrelta gjaldskrá frá árinu 2015.

## 2.10 Framtíðarsýn

Ekkert sveitarfélaganna á Vestfjörðum hefur gert svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Að öllum líkindum má þó lesa megináherslur sveitarfélaganna í þessum málaflokki út úr

<sup>1</sup> Athygli vekur að yfirskrift málaflokksins í bókhaldi sveitarfélaga virðist enn vera „Sorphreinsun og sorpeyðing“ enda þótt sú hugtakanotkun samræmist illa skilgreiningum í lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum. Eðlilegra væri í þessu samhengi að tala um „Úrgangsmál“ eða „Meðhöndlun úrgangs“. Einnig kann að vera þörf á betri samræmingu á því hvernig sveitarfélög skrá kostnað á þennan málaflokk og hvernig sá kostnaður er sundurliðaður.

<sup>2</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga (2022): *Tölur úr ársreikningum sveitarfélaga 2020*.  
<https://www.samband.is/wp-content/uploads/2021/11/net-sundurliðun.xlsx>.



annarri stefnumótun þeirra, þ.m.t. úr skipulagsáætlunum, en það var ekki kannað sérstaklega við vinnslu þessarar greinargerðar.

### 2.11 Magntölur 2021

Töflurnar hér á eftir gefa yfirlit yfir magn og ráðstöfun mismunandi úrgangsflokka frá sveitarfélögum á Vestfjörðum 2021, annars vegar í kg og hins vegar í kg/íbúa, einkum byggt á upplýsingum frá þjónustuaðilum. Tölur um magn skilagjaldsumbúða eru þó áætlaðar út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.

Framsetning talna í töflunum tekur mið af reglugerð um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, nr. 1040/2016.

Rétt er að taka fram að Umhverfisstofnun ber ábyrgð á söfnun tölulegra gagna um úrgangsmál og skiptingu magntalna niður á sveitarfélög. Við núverandi aðstæður er þó ekki mögulegt að nota talnasafn stofnunarinnar í stöðugreiningu á borð við þá sem hér um ræðir, annars vegar vegna þess að skiptingu á sveitarfélög er enn ábótavant og hins vegar vegna þess hversu seint tölur skila sér til stofnunarinnar og frá henni. Í þessari greinargerð er unnið með tölur frá 2021, en nýjustu tölur sem Umhverfisstofnun hefur birt opinberlega eru fyrir 2020 og ekki greindar niður á sveitarfélög.

Stöðugreining af því tagi sem hér birtist getur aldrei verið tæmandi. Ein af veigamestu ástæðunum fyrir því er að á hverju ári fellur til talsvert magn af úrgangi sem ekki ratar inn í úrgangsbókhaldið, eða er þá aðeins skráður þar að takmörkuðu leyti. Dæmi um slíkan úrgang eru t.d. textíluúrgangur sem félagasamtök safna í sérstaka fatagáma, dýrahæ sem urðuð eru heima á bæjum, húsdýraskítur, jarðvegur sem mokað er upp úr húsgrunnum og ekið á tipp, fiskúrgangur o.fl. Þessir „ósýnilegu úrgangsflokkar“ eiga það sameiginlegt að vera ráðstafað að einhverju eða öllu leyti án beinnar aðkomu sveitarfélaga og án þess að hefðbundnir úrgangsverktakar séu kallaðir til. Í viðauka er að finna nánari skýringar varðandi einstaka úrgangsflokka.

Til viðbótar því sem hér hefur verið nefnt er rétt að undirstrika að magntöflurnar sem hér birtast byggjast á lauslegri samantekt og eru því háðar nokkurri óvissu. Þegar töflurnar eru skoðaðar sjást þannig augljósar gloppur, m.a. hvað varðar magn spilliefna. Engu að síður ættu þessar tölur að gefa sæmilega vísbendingu um magnið, þar sem óvissan liggur í flestum tilvikum í úrgangsflokkum sem hafa takmarkað vægi í heildarmyndinni.

Eins og sjá má á töflunum féllu samtals til rúmlega 9.000 tonn af úrgangi á Vestfjörðum 2021, með fyrrnefndum fyrirvörum. Þar af fóru rúmlega 7.000 tonn (um 77%) í urðun eða aðra förgun, rúm 200 tonn (tæp 3%) í endurnýtingu (aðra en endurvinnslu) og rúm 1.800 tonn (um 20%) í endurvinnslu. Í þessu sambandi er þó mikilvægt að hafa í huga að ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um raunveruleg afdrif einstakra úrgangsflokka. Afdrifin voru áætluð út frá fyrirbyggjandi tölum og reynslu, sjá skýringar í viðauka.



Tafla 4. Magn og ráðstöfun úrgangs frá Vestfjörðum 2021 í kílóum.

Sveitarfélag: Allir Vestfirðir		Tímabil: 2021	Íbúar 1. jan. 2022:			7.205		
SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans						
		Förgun		Endurnýting				
	Númer	Tegund úrgangs	Urðun	Annað	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	Samtals
Landbún., ræktun, veiðar, matv.-vinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahrae)	360	0	0	0	0	360
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	88.320	88.320
	02 01 06	Húsdýraskítur	0	0	0	0	0	0
	02 01 99	Veiðarfæri	29.460	0	840	0	9.295	39.595
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappirs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	0	0	0	0	203.595	203.595
	15 01 01b	Pappirs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	0	26.254	26.254
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	13.408	0	9.744	0	15.178	38.330
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	21.615	21.615
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0	0
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	0	36.025	36.025
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	115.568	0	0	0	474.347	589.915
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	2.337	0	0	0	0	2.337
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	115.280	0	0	0	0	115.280
Ýmislegt	16 01 03	Hjólbarðar	56.610	29.140	0	0	0	85.750
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0	0
	16 06 99	Rafhloður og rafgeymar	0	0	0	0	0	0
Byggingar- og niðurrifsgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik	52.306	0	0	0	0	52.306
	17 02 01 a	Tímbur (hreint)	0	0	0	123.799	0	123.799
	17 02 01 b	Tímbur (annað eða óflokkað)	628.888	0	0	0	0	628.888
	17 02 02	Gler	4.787	0	0	0	0	4.787
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0	0
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur	0	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	102.254	0	102.254
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	390	0	0	0	0	390
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	303.536	0	0	0	53.565	357.101
Sjúkd.	18 00 99	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.	0	920	0	0	0	920
Sorp	19 01 99	Brennsluleifar	0	0	0	0	0	0
	19 08 99	Úrg. frá skólphreinsistöðvum (m.a. ristarúrg.)	0	0	0	0	0	0
	19 12 02/03	Málmar frá vélrænni meðhöndlun	0	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	792	0	0	0	792
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	0	0	3.240	327.066	330.306
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	179.367	179.367
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)	0	0	0	0	411.162	411.162
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	2.418	1.719	2.773	0	0	6.910
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	140.439	0	0	0	140.439
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	4.560.037	0	0	0	0	4.560.037
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	169.842	0	0	0	0	169.842
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	793.587	0	0	0	0	793.587
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	16.000	0	0	0	0	16.000
		<b>Samtals (kg)</b>		6.864.815	173.010	13.357	229.293	1.845.789
	<b>Samtals (kg/íbúa)</b>		953	24	2	32	256	1.267



Tafla 5. Magn úrgangs frá Vestfjörðum 2021 í kílóum á hvern íbúa, skipt eftir sveitarfélögum.

Allir Vestfirðir 2021		Íbúar 1. jan. 2022:										7.205	
		Magn úrgangs eftir sveitarfélögum (tonn)											
		Sveitarfélög	Reykjólá- hreppur	Vesturbyggð	Tálknafjarðar- hreppur	Ísafjarðarber- götu	Bölungarvíkur- kaupstaður	Súðavíkur- hreppur	Árneshreppur	Kaldananes- hreppur	Strandabyggð	SAMTALS	
		Númer	Tegund úrgangs / Íbúar 1. jan. 2022:	233	1.131	255	3.840	956	215	42	109	424	7.205
Landbún., ræktun, veiðar, matv. vinnsla	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahær)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	115	3	0	5	0	39	0	0	0	72	12
	02 01 06	Húsdýraskitur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	02 01 99	Veiðarfæri	4	14	0	6	0	0	0	0	0	0	5
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Heimilísúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjupappi)	0	32	17	37	13	16	0	0	0	14	28
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)	0	8	5	3	0	0	0	0	0	8	4
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	1	1	4	0	0	0	0	0	52	5
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	80	74	30	116	31	26	0	0	0	0	82
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0	0	7	1	5	0	0
15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	16	16	16	16	16	16	16	16	16	16	16	
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	50	0	5	11	0	0	0	0	0	12
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	16 06 99	Rafhliður og rafgeymar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik	0	5	38	4	17	0	3	9	8	7	
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	0	36	0	3	54	0	0	47	32	17	
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflokkað)	0	175	103	81	41	0	0	22	121	87	
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0	0	24	7	7	1	
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
	17 05 03	Oliumengaður jarðvegur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	27	0	19	0	0	0	0	0	14	
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
17 09 04	Annar grófur úrgangur	156	151	249	16	26	0	0	0	0	0	50	
Sjúkd.	18 00 99	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkráhusum ofl.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sorp	19 01 99	Brennsluleifar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	19 08 99	Úrg. frá skólfhreinsistöðvum (m.a. ristarúrg.)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	19 12 02/03	Málmar frá vélrænni meðhöndlun	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Heimilísúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lifrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	14	0	0	85	0	0	0	0	0	0	46
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	14	81	0	18	16	0	0	0	0	0	25
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)	381	109	98	9	58	0	141	109	154	57	
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	1	3	12	0	0	0	0	0	0	1	
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	2	0	32	16	0	0	0	0	19	
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	157	1.062	489	731	151	288	520	310	305	633	
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	198	25	37	6	65	0	0	0	0	24	
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	9	230	118	104	11	50	234	223	114	110	
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0	0	0	101	12	2		
<b>Samtals (kg/íbúa)</b>			<b>1.153</b>	<b>2.113</b>	<b>1.220</b>	<b>1.308</b>	<b>534</b>	<b>444</b>	<b>954</b>	<b>852</b>	<b>927</b>	<b>1.267</b>	



## 2.12 Markmið á ábyrgð sveitarfélaga

Í þeim breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, sem taka að fullu gildi 1. janúar 2023, og í stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum,<sup>3</sup> er að finna ýmis markmið sem sveitarstjórnir bera a.m.k. að hluta til ábyrgð á að náist. Helstu markmiðin sem snúa beint að sveitarstjórnnum eru eftirtalin:

- Endurvinnsla heimilisúrgangs
  - 50%
  - 55% (2025)
  - 60% (2030)
  - 65% (2035)
- Urðun heimilisúrgangs
  - 10% (2035)
- Urðun lífræns úrgangs
  - Hámark 25.244 tonn á landsvísu 2020 (heimilisúrgangur) og 58.905 tonn (rekstrarúrgangur)
  - Bann (2025)?
- Byggingar- og niðurrifsúrgangur
  - 70% endurnýting (2020) (Flokkunaraðstaða)

Markmið stjórnvalda um endurvinnsluhlutföll snúa einnig að einstökum úrgangsflokkum, en í þeim efnum liggur ábyrgðin að miklu leyti á herðum Úrvinnslusjóðs. Hér er sjónum því einkum beint að heimilisúrganginum.

Heimilisúrgangur er skilgreindur svo í 3. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með þeim breytingum sem taka gildi 1. janúar 2023:

- i. *blandaður úrgangur frá heimilum og úrgangur frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. pappír og pappi, gler, málmar, plast, lífúrgangur, timbur, textíll, umbúðir, raf- og rafeindatækjaúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og rúmfrekur úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn,*
- ii. *blandaður úrgangur af öðrum uppruna og úrgangur af öðrum uppruna sem er sérstaklega safnað og er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum,*
- iii. *en þó ekki úrgangur frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróum, fráveitukerfum, þ.m.t. seyra, úr sér gengin ökutæki eða byggingar- og niðurrifsúrgangur.*

Skilgreiningin hér að framan endurspeglar ekki að öllu leyti í þeirri flokkun úrgangs sem lesa má úr fyrirliðgjandi tölum, þar sem nokkrir úrgangsflokkar innihalda bæði heimilisúrgang og rekstrarúrgang í ótilgreindum hlutföllum. Þetta á einkum við um flokkinn „Annar grófur úrgangur“ sem svo er nefndur í úrgangstölfræði þjónustuaðila. Ætla má að þessi úrgangsflokkur innihaldi fyrst og fremst byggingar- og niðurrifsúrgang, en í honum leynast einnig húsgögn, dýnur o.fl., sem fellur undir skilgreiningu á

<sup>3</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2021): Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum. [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR\\_stefnaI\\_att\\_ad\\_hringrasarhagkerfi.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR_stefnaI_att_ad_hringrasarhagkerfi.pdf).



heimilisúrgangi. Við gerð þessarar greinargerðar var farin sú leið að áætla að 10% af „Öðrum grófum úrgangi“ sé í raun heimilisúrgangur, (sjá nánari umfjöllun í viðauka).

Úrgangsflokkurinn „Hreint timbur“ inniheldur væntanlega einnig bæði heimilisúrgang og byggingar- og niðurrifsúrgang. Að öllum líkindum eru þó vörubretti uppistaðan í þessum úrgangsflokki og þar sem litið er á brettin sem viðarumbúðir teljast þau heimilisúrgangur í skilningi laganna. Hér er því farin sú leið að líta á allt „Hreint timbur“ sem heimilisúrgang.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir það magn heimilisúrgangs sem féll til á Vestfjörðum 2021 miðað við fyrirliggjandi tölur og með öllum þeim fyrirvörum sem að framan greinir. Taflan sýnir einnig þann hluta sem ætla má að farið hafi til endurvinnslu, bæði í kílóum og prósentum.

Tafla 6. Magn og reiknuð endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs frá Vestfjörðum 2021.

Sveitarfélag: Allir Vestfirðir		2021	Íbúar:	7.205		
		Heimilisúrgangur				
		Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu			
			Kg	%		
	Númer	Tegund úrgangs				
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	203.595	203.595	100%	
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	26.254	26.254	100%	
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	38.330	15.178	40%	
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	21.615	21.615	100%	
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0		
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	36.025	36.025	100%	
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	589.915	474.347	80%	
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	2.337	0	0%	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	115.280	0	0%	
Ísl.	16 06 99	Rafhliður og rafgeymar	0	0		
Bygg	17 02 01 a	Timbur (hreint)	123.799	0	0%	
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	35.710	0	0%	
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	792	0	0%	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	330.306	327.066	99%	
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0		
	20 01 25	Mataralía og feiti	0	0		
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	179.367	179.367	100%	
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	411.162	411.162	100%	
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	6.910	0	0%	
	20 02 01	Garðaúrgangur	140.439	0	0%	
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	4.560.037	0	0%	
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	169.842	0	0%	
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	793.587	0	0%	
	<b>Samtals (kg)</b>			<b>7.785.302</b>	<b>1.694.609</b>	<b>22%</b>
	<b>Samtals (kg/íbúa)</b>			<b>1.081</b>	<b>235</b>	<b>22%</b>





Af töflunni hér að framan má ráða að endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs á Vestfjörðum hafi verið um 22% árið 2021. Þetta ber þó að taka með fyrrnefndum fyrirvara um raunverulegt heildarmagn heimilisúrgangs, svo og með þeim fyrirvara að ekki er alltaf ljóst hvað verður í reynd um þann úrgang sem safnað er til endurvinnslu. Í talnaefninu sem þessir útreikningar byggja á er búið að áætla raunveruleg afdrif eftir bestu getu (sjá skýringar í viðauka).

Markmið stjórnvalda fyrir árið 2020 miðaðist við 50% endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs og eins og fram kemur hér að framan er stefnt að 55% árið 2025. Ljóst er að talsvert vantar upp á að þetta markmið náist á Vestfjörðum, en rétt er að taka fram að staðan í landshlutanum er ekki mikið frábrugðin því sem algengt er víða annars staðar á landinu.

Sérsöfnun lífúrgangs og endurvinnsla hans er eitt af forgangsverkefnum til að hækka endurvinnsluhlutfallið, enda verður slík sérsöfnun lögboðin frá og með 1. janúar 2023. Af öðrum brýnum viðfangsefnum má nefna að bæta þarf meðhöndlun garðaúrgangs og koma skilagjaldsumbúðum úr gleri í endurvinnslu, en þar þarf fleira til en aðgerðir af hálfu sveitarfélaganna. Langstærstu tækifærin hljóta þó að liggja í bættri flokkun heimilisúrgangs, þannig að magn blandaðs úrgangs minnki.

Reynsla frá öðrum sveitarfélögum bendir til að hægt sé að ná 50-55 kg af lífúrgangi frá hverjum íbúa í þokkalega heppnaðri sérsöfnun frá heimilum og ekki er fráleitt að ætla að hægt sé að hækka þá tölu í u.þ.b. 100 kg á íbúa með markvissri viðleitni til að fá fyrirtæki til að flokka lífúrgang betur. Á Vestfjörðum er heildartalan um 46 kg á íbúa (sjá töflu 5), en ef takast mætti að hækka hana upp í 100 kg myndi endurvinnsluhlutfallið hækka um 5 prósentustig, þ.e. úr 22% í 27%.

Í upptalningunni fremst í þessum kafla eru nefnd tvenns konar markmið sem ekki snúa að heimilisúrgangi, nema að hluta til. Annars vegar er þar um að ræða gamalt markmið um að árið 2020 skuli lífrænn úrgangur sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 35% af heildarmagni þess lífræna úrgangs sem fór til urðunar 1995, annars vegar fyrir heimilisúrgang og hins vegar rekstrarúrgang. Í reynd er ógjörningur fyrir einstök sveitarfélög eða svæði að ganga úr skugga um hvort þetta markmið hafi náðst, bæði vegna þess að upplýsingar um raunverulegt magn 1995 eru óáreiðanlegar og vegna þess að ekki er hægt að lesa núverandi magn (eða magnið 2020 sem var eindagi markmiðsins) út úr úrgangstölfræðinni eins og hún er sett fram. Ástæða þess síðarnefnda er að inn í tölurnar ber að reikna allan lífrænan úrgang, þ.m.t. þann lífræna úrgang sem falinn er í blönduðum úrgangi. Vissulega er hægt að áætla hlutdeild lífræna úrgangsins í einstökum flokkum úrgangs sem sendur er til urðunar, en í slíkum áætlunum eru jafnan notaðar staðlaðar prósentutölur sem endurspeglar alls ekki breytileika milli sveitarfélaga. Niðurstaðan verður því óhjákvæmilega marklítill og vandséð að frekari úrvinnsla hvað þetta varðar komi að gagni í því starfi sem framundan er í úrgangsmálum sveitarfélaga.

Samkvæmt síðara markmiðinu sem nefnt er fremst í þessum kafla og snýr ekki að heimilisúrgangi, áttu a.m.k. 70% af byggingar- og niðurrifsúrgangi að fara til endurnýtingar 2020. Sveitarfélög bera ekki beina ábyrgð á að þetta markmið náist, heldur skulu þau sjá til þess að á móttöku- og söfnunarstöð sé aðstaða til flokkunar þessa



úrgangs, sem stuðlar að því að markmiðið náist. Þetta felur í sér að þar sé aðstaða til að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang í spilliefni, timbur, steinefni, málm, gler, plast og gifs, sbr. 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með þeim breytingum sem taka gildi 1. janúar 2023. Ákvæði um skyldu byggingaraðila til að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang er þegar að finna í byggingarreglugerð og í lögum um meðhöndlun úrgangs og í byggingarreglugerð kemur fram að úrgangurinn skuli flokkaður með þeim hætti að hann sé hæfur til endurnýtingar áður en honum er skilað á viðurkennda móttökustöð.



### 3 Vinnusmiðja 4. maí 2022

Miðvikudaginn 4. maí 2022 var haldin vinnusmiðja að Holti í Önundarfirði undir hatti verkefnisins „Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku“. Í vinnusmiðjunni var m.a. velt upp eftirfarandi spurningum, með það í huga að svörin við þeim gætu nýst í áframhaldandi stefnumótun í úrgangsmálum sveitarfélaganna á Vestfjörðum:

#### 1. Úrgangsförvarnir

Eru vannýtt tækifæri til að draga úr úrgangsmyndun á svæðinu?

#### 2. Söfnun og flokkun

Hvernig á að safna úrgangi frá heimilum og rekstraraðilum (staðsetning íláta, fjöldi íláta, úrgangsflokkar)?

#### 3. Innviðir

Er þörf á bættum innviðum á svæðinu, svo sem hvað varðar grenndarstöðvar, móttökustöðvar (gámastöðvar) og aðra aðstöðu?

#### 4. Ráðstöfun flokkaðs úrgangs

Er núverandi fyrirkomulag í lagi? Ætti að byggja upp aðstöðu á svæðinu til frekari vinnslu/endurvinnslu, svo sem fyrir lífúrgang?

#### 5. Ráðstöfun „sérstaks“ úrgangs

Hvaða úrgangsflokka þarf að ræða sérstaklega? E.t.v. Sláturúrgang, dýrahrae, veiðarfæri? Er núverandi fyrirkomulag í lagi. Hvaða breytinga er þörf?

#### 6. Ráðstöfun blandaðs úrgangs

Urðun – og þá hvar? Brennsla með orkunýtingu – og þá hvar? Aðrar hugmyndir?

#### 7. Gjaldtaka

Hvernig á að haga gjaldtöku (m.t.t. til kröfunnar um „Borgað þegar hent er“)? Á blandaði úrgangurinn að „borga“ fyrir þann flokkaða?

#### 8. Samstarf og/eða samræming

Samstarf við önnur sveitarfélög – og um hvað? Samstarf á landsvísu – og um hvað? Samræming flokkunar – og að hvaða marki?

#### 9. Upplýsingar og fræðsla

Hvern þarf að fræða, hver á að gera það, hvenær og um hvað?

#### 10. Næstu skref

Hvernig er best að standa að gerð svæðisáætlunar? Á að vinna hana með öðrum sveitarfélögum? Hvernig á að bera sig til við endurskoðun á samþykkt um meðhöndlun úrgangs, endurskoðun gjaldskrár, útboð o.s.frv.

#### 11. Annað?

##### 3.1 Þátttakendur

Eftirtaldir fulltrúar sveitarfélaganna á Vestfjörðum tóku þátt í vinnusmiðjunni (í stafrófsröð eftir sveitarfélögum):

1. Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshreppi (á fjarfundi)
2. Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupstað
3. Axel R. Överby, Ísafjarðarbæ
4. Nanný Anna Guðmundsd., Ísafjarðarbæ
5. Kristín Einarsdóttir, Kaldrananeshreppi (á fjarfundi)
6. Ingibjörg Birna Erlingsd., Reykhólahreppi (á fjarfundi)
7. Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi (á fjarfundi)



- |                                |  |
|--------------------------------|--|
| 8. Sigurður Þorvaldsson,       | Strandabyggð / Sorpsamlag Strandasýslu |
| 9. Sverrir Guðbrandsson,       | Strandabyggð / Sorpsamlag Strandasýslu |
| 10. Bragi Þór Thoroddsen,      | Súðavíkurbhreppi                       |
| 11. Ólafur Þór Ólafsson,       | Tálknafjarðarhreppi                    |
| 12. Aðalsteinn Óskarsson,      | Vestfjarðastofu                        |
| 13. Geir Gestsson,             | Vesturbyggð (á fjarfundi)              |
| 14. Gerður Björk Sveinsdóttir, | Vesturbyggð (á fjarfundi)              |
| 15. Rebekka Hilmarsdóttir,     | Vesturbyggð (á fjarfundi)              |

## 3.2 Helstu niðurstöður

### 3.2.1 Úrgangsförvarnir

Ekki náðist ítarleg umræða um þetta atriði. Þó kom fram að hægt væri að ná talsverðum árangri með breyttum áherslum varðandi umbúðir. Rótgróinn hugsunarháttur væri aðalhindrunin í þessu sambandi.

### 3.2.2 Söfnun og flokkun

Ekki náðist ítarleg umræða um það hvernig best væri að standa að söfnun og flokkun úrgangs í landshlutanum. Meðal sjónarmiða sem komu fram í þessu sambandi má þó nefna að rætt var um mikilvægi þess að flokkun úrgangs yrði sem aðgengilegust fyrir fyrirtæki, hvort sem sveitarfélögin myndu koma þar að málum eður ei. Þá kom fram að söfnun lífúrgangs væri ekki aðeins brýnt verkefni, heldur einnig eitthvað sem ekki ætti að vefjast fyrir hlutaðeigandi. Loks kom fram það sjónarmið að aukin notkun grenndarstöðva gæti lækkað kostnað við sorphirðu verulega.

### 3.2.3 Innviðir

Ekki náðist ítarleg umræða um þetta atriði, sjá þó umfjöllun hér að neðan um úrvinnslu lífræns úrgangs.

### 3.2.4 Ráðstöfun flokkaðs úrgangs

Ekki komu fram nýjar hugmyndir um ráðstöfun flokkaðs úrgangs, en ástæða þótti til að kanna möguleika á moltugerð eða annarri vinnslu úr lífrænum úrgangi, í stað þess að flytja hann um langan veg til vinnslu í öðrum landshlutum. Þörf væri á ráðgjöf varðandi tækni fyrir slíka vinnslu. Í þessu sambandi kom fram að víða færi seyra úr rotþróum í sjóinn og að þar með töpuðust lífræn efni og næringarefni sem ætti að vera hægt að nýta.

Fram kom að mikilvægt væri að líta á viðfangsefnin í úrgangsmálum sem tækifæri fremur en vandamál. Einnig var minnst á sérstöðu landsbyggðarinnar, sem oft situr uppi með meira af umbúðaúrgangi en t.d. höfuðborgarsvæðið, þar sem auknum flutningum fylgja oftast meiri umbúðir. Jafna þyrfti aðstöðu sveitarfélaga á landsbyggðinni hvað þetta varðar, enda geti ráðstöfun þessa úrgangs verið kostnaðarsöm.

### 3.2.5 Ráðstöfun „sérstaks“ úrgangs

Fram kom að rusl á fjörum væri víða stórt vandamál í fjórðungnum, sérstaklega á Ströndum. Plastrusl væri mjög stór hluti af því sem þar safnast. Fjörur væru alla jafna hreinsaðar í sjálfböðavinnu, en kostnaðarsamt væri að koma þessu rusli í viðeigandi farvegi.

Fram kom óánægja með samning Úrvinnslusjóðs við SFS (áður LÍÚ) um veiðarfæraúrgang, þar sem samningurinn hefði ekki þjónað tilgangi sínum.



Loks kom fram að ráðstöfun dýrahraeja væri vandamál út af fyrir sig.

### 3.2.6 Ráðstöfun blandaðs úrgangs

Ekki náðist ítarleg umræða um þetta atriði, enda líklegt að Vestfirðir muni fylgja öðrum landshlutum að málum hvað sameiginlegar lausnir varðar, fremur en að fundin verði langtímalausn innan landshlutans.

Eitthvað kann að vera um „óhefðbundna“ (óleyfilega) losun úrgangs, en ekki liggja fyrir upplýsingar um umfangið.

### 3.2.7 Gjaldtaka

Ekki komu fram ákveðnar hugmyndir um tilhögun gjaldtöku eftir að lagaákvæði um „Borgað þegar hent er“ taka gildi.

Fyrir liggur að flest sveitarfélög í fjórðungnum niðurgreiða úrgangsmálaflokkinn langt umfram lagaheimildir. Fram kom að hækkun sorphirðugjalda væri þó vandkvæðum bundin, en líkt og önnur þjónustugjöld gætu þessi gjöld haft áhrif á vísitölur. Ákveðinn vandi kunni einnig að liggja í því að ef sveitarfélög fullnýti ekki álagningarheimildir leiði það til lækkunar framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Svigrúm til að lækka álögur í takti við hækkun sorphirðugjalda sé því takmarkað. Þörf gæti verið á að skoða gjaldtöku af fyrirtækjum sérstaklega, þar sem einhver dæmi munu um að þau nýti sér úrgangsjónustu sveitarfélaganna án þess að greiða fyrir.

### 3.2.8 Samstarf og/eða samræming

Fram kom að mikil tækifæri fælust í samstarfi um gerð svæðisáætlana yfir sveitarfélagamörk, m.a. vegna þeirrar samræmingar á aðferðum sem þannig gæti náðst. Hins vegar gæti reynst talsverð áskorun að finna sameiginlegan flöt á þessu fyrir alla Vestfirði, þar sem svæðin væru ólík og vegalengdirnar miklar. Í reynd væri um þrjú afmörkuð svæði að ræða. Þannig ætti Reykhólahreppur t.d. frekar samleið með sveitarfélögum á Vesturlandi í þessum efnum. Fámennustu og afskekktustu sveitarfélögin ættu auk heldur fleira sameiginlegt með fjarlægum sveitarfélögum í svipaðri stöðu en með aðliggjandi sveitarfélögum. Almennt var þó niðurstaðan sú að sameiginleg stefnumótun í úrgangsmálum væri brýnt verkefni. Heppilegast væri að hefjast handa að loknum sveitarstjórnarkosningum. Í þessu sambandi kom einnig fram að með opnun nýs vegar yfir Dynjandisheiði árið 2025 myndu opnast nýir möguleikar á samstarfi innan fjórðungsins.

Í umræðum um samstarf um gerð svæðisáætlana kom fram að vottunarverkefnið EarthCheck væri nú vistað hjá Náttúrustofu Vesturlands og að þar væri í raun kominn ákveðinn grunnur fyrir sveitarfélögin til að vinna saman að úrgangsmálum, rétt eins og öðrum umhverfismálum.

### 3.2.9 Upplýsingar og fræðsla

Ekki náðist ítarleg umræða um þetta atriði á fundinum.

### 3.2.10 Næstu skref

Sjá kafla hér að framan um samstarf (kafla 3.2.8).



## 4 Hvað þarfnast úrbóta?

Þessi kafli hefur að geyma nokkrar ábendingar um úrbætur í úrgangsmálum, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum þurfa að öllum líkindum að ráðast í til að uppfylla þau ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, sem taka gildi 1. janúar 2023, svo og til að ná markmiðum sem fram koma í stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs. Ábendingarnar byggja á því sem fram kom í stöðugreiningu (sjá kafla 2) og á vinnusmiðjunni 4. maí 2022 (sjá kafla 3).

### 4.1 Fyrirkomulag söfnunar

1. Koma þarf upp aðstöðu til sérstakrar söfnunar á lífúrgangi í þeim sveitarfélögum þar sem slík söfnun er ekki hafin, þ.e. á Ströndum, í Bolungarvíkurkaupstað og í Súðavíkurhreppi.
2. Í öllum sveitarfélögunum þarf að sjá til þess að hægt verði að halda plasti aðskildu frá pappír og pappa í söfnuninni. Þetta þýðir í einföldustu mynd að fjölga þarf ílátum við heimahús í fjögur, nema fundnar verði aðrar lausnir sem samræmast nýjum lagaákvæðum. Verði ákveðið að notast áfram við grenndarstöðvar í einhverju formi (t.d. „flokknarbari“ eða smærri grenndarstöðvar) þarf öll söfnun úrgangs að færast þangað, þar sem ekki verður heimilt að hafa aðeins ílát undir blandaðan úrgang heima við hús.
3. Í öllum sveitarfélögunum þarf að koma upp aðstöðu til sérstakrar söfnunar á gleri, málmum og textíl, í það minnsta í grenndargáma, þ.e. þar sem slík aðstaða er ekki þegar til staðar. Jafnframt þarf að koma á sérstakri söfnun á spilliefnum í nærumhverfi íbúa.

### 4.2 Söfnunar- og móttökustöðvar

4. Hætta þarf móttöku blandaðs úrgangs án endurgjalds á söfnunar- og móttökustöðvum, en heimilt er að mismuna úrgangsflokkum á þann veg að gjald fyrir móttöku blandaðs úrgangs standi undir kostnaði við móttöku úrgangs til endurvinnslu.
5. Tryggja þarf að söfnunar- og móttökustöðvar geti tekið við byggingar- og niðurrífsúrgangi sem flokkaður hefur verið í eftirfarandi flokka: Spilliefni, timbur, steinefni, málmur, gler, plast og gifs.

### 4.3 Önnur söfnun og flokkun

6. Hefja þarf söfnun á garðaúrgangi í öllum sveitarfélögunum, en lífbrjótanlegur garðaúrgangur telst lífúrgangur skv. skilgreiningu laganna og slíkum úrgangi verður skylt að safna sérstaklega. Ekki er þó nauðsynlegt að safna garðaúrgangi innan lóðar, enda sé honum þá safnað á söfnunar- eða móttökustöð.

### 4.4 Ráðstöfun úrgangs

7. Kanna ætti möguleika á að vinna úr lífrænum úrgangi á Vestfjörðum, frekar en að flytja hann langar leiðir til úrvinnslu.
8. Koma þarf þeim garðaúrgangi sem safnast í endurvinnslu í stað þess að nýta hann til landmótunar eða farga honum.
9. Finna þarf leiðir til að nýta alla seyru sem til fellur á Vestfjörðum til landgræðslu eða á annan hátt í stað þess að veita henni í sjó eða farga henni með öðrum hætti. Til dæmis mætti horfa til fordæmis sveitarfélaga í uppsveitum Suðurlands hvað



þetta varðar (Saurbær á Flúðum). Aðgerðir í þessa veru nýtast sem undirbúningur fyrir fyrirhugað bann við urðun lífræns úrgangs.

10. Leita þarf allra leiða til að minnka þörf fyrir urðun í landshlutanum, sbr. markmið í stefnu um meðhöndlun úrgangs um að árið 2035 verði urðuð að hámarki 10% af þeim heimilisérgangi sem fellur. Úrgangsforvarnir ættu þar að vera í hæstum forgangi, en þar á eftir bætt flokkun og nýting hráefna sem felast í úrganginum, jafnframt því sem úrgangi sem ekki tekst að nýta verði komið til orkuvinnslu í stað urðunar.
11. Þrýsta þarf á að Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) efni samning sinn við Úrvinnslusjóð um móttöku og ráðstöfun veiðarfæra.
12. Kalla þarf eftir upplýsingum um kostnaðarþátttöku Úrvinnslusjóðs við hreinsun á rusli á víðavangi, þ.m.t. á fjörum, sbr. 8. gr. laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með þeim breytingum sem taka gildi 1. janúar 2023.

#### 4.5 Samningar við verktaka

13. Taka ætti afstöðu til þess hvort sveitarfélögin geti sjálf annast söfnun og ráðstöfun úrgangs til að fá betri yfirsýn yfir endanlega ráðstöfun einstakra úrgangsflokka, raunkostnað og ráðstöfun tekna frá Úrvinnslusjóði.
14. Verði gerðir nýir samningar við verktaka, eða núverandi samningar endurnýjaðir, þurfa þeir að:
  - a. Taka mið af þeim ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, sem taka gildi 1. janúar 2023.
  - b. Fela í sér kröfu um að verktakar skili áreiðanlegum tölum til sveitarfélaga um magn og afdrif úrgangs í einstökum flokkum, þannig sundurliðuðum að unnt sé að nota þær við útreikning á endurvinnsluhlutföllum, m.a. með því að gerður sé skýr greinarmunur á heimilisérgangi og öðrum úrgangi í tölunum.

#### 4.6 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

15. Endurnýja þarf allar samþykktir sveitarfélaganna um meðhöndlun úrgangs, þannig að þær taki mið af þeim ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, sem taka gildi 1. janúar 2023.
16. Endurnýja þarf allar gjaldskrár sveitarfélaganna um meðhöndlun úrgangs, þannig að gjaldtaka miðist við magn úrgangs sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003 eftir breytingar („Borgað þegar hent er“).
17. Vekja þarf athygli ráðuneytis sveitarstjórnarmála og Sambands íslenskra sveitarfélaga á mikilvægi þess að hugtakanotkun í bókhaldi sveitarfélaga sé í samræmi við skilgreiningar í lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, svo og að tryggja sem best samræmi í því hvernig sveitarfélög skrá kostnað vegna úrgangsmála og hvernig sá kostnaður er sundurliðaður.

#### 4.7 Útgáfa og kynning

18. Uppfæra þarf vefsíður sveitarfélaganna þannig að þar komi fram árlegar upplýsingar um innheimt gjöld og sundurliðun á raunkostnaði vegna úrgangsmála, svo og upplýsingar um ráðstöfun þess úrgangs sem safnað er á vegum viðkomandi sveitarfélags.



#### 4.8 Samstarf og samræming

19. Vinna þarf svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum. Æskilegt er að sú áætlun sé sameiginleg fyrir svæðið í heild.





## Viðauki: Skýringar við einstaka úrgangsflokka og ráðstöfun þeirra

Hér fara á eftir skýringar og fyrirvarar sem varða magn og ráðstöfun úrgangs í einstökum úrgangsflokkum sem tilgreindir eru í töflum í kafla 2.11. Flokkaskiptingin í töflunum er byggð á reglugerð um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, nr. 1040/2016. Tiltölulega auðvelt er að skrá tölur frá þjónustuaðilum inn í slíkar töflur, en tölur í þessari greinargerð byggja einmitt að mestu leyti á upplýsingum frá þjónustuaðilum. Skiptingin í reglugerðinni samræmist hins vegar ekki fyllilega því flokkunarkerfi sem Umhverfisstofnun notar í úrgangstölfræði sinni. Æskilegt væri að geta notað kerfi stofnunarinnar í allri umfjöllun um úrgangsmagn, en tenginguna þarna á milli vantar. Þjónustuaðilarnir þurfa vissulega að skila tölum til Umhverfisstofnunar á því formi sem stofnunin tiltekur, en þær aðferðir sem beitt er við aðlögun upphaflegu talnanna að því formi eru ekki aðgengilegar utanaðkomandi aðilum. Í náninni framtíð verður væntanlega hægt að nálgast allar tölur á opnum vef Umhverfisstofnunar, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum og í samræmi við flokkunarkerfi stofnunarinnar. Þangað til virðist sú leið sem hér er farin, þ.e. að nýta tölur frá þjónustuaðilum, vera eina færa leiðin til að fá nýlegar og sæmilega áreiðanlegar tölur með nægri sundurliðun til að hægt sé að byggja á þeim við gerð svæðisáætlana, þ.m.t. við útreikning endurvinnsluhlutfalla o.fl.

Rétt er að taka fram að skýringarnar í þessum viðauka eru almennar og taka ekki mið af staðbundnum aðstæðum í einstökum landshlutum.

### Úrgangur úr dýravefjum (dýrahræ)

Í þessu skjali er aðeins getið um það magn dýraleifa sem skilar sér inn í úrgangskerfi sveitarfélaganna og endurspeglast í tölum þjónustuaðila. Ætla má að verulegt magn sé afsett eftir öðrum leiðum, svo sem með greftri (urðun) heima á bæjum. Gert er ráð fyrir að þær dýraleifar sem skilar sér inn í úrgangskerfið séu urðaðar, nema fyrir liggi upplýsingar um annað. Urðun dýraleifa er í reynd óheimil, þ.m.t. urðun á viðurkenndum urðunarstöðum.

### Heyrúlluplast

Ætla má að stór hluti þess heyrúlluplasts sem fellur til endurspeglis í tölum þjónustuaðila. Hér er gert ráð fyrir að allt þetta plast skili sér til endurvinnslu.

### Húsdýraskítur

Mjög lítið af húsdýraskít kemur fram í tölum þjónustuaðila. Væntanlega er þessi úrgangsflokkur að langmestu leyti nýttur til áburðar nærri upprunastað, án milligöngu úrgangsverktaka eða sveitarfélaga.

### Veiðarfæri

Veiðarfæraúrgangur kemur að einhverju leyti fram í tölum þjónustuaðila. Hér er gert ráð fyrir að sá hluti sé urðaður, en ætla má að meiri hluti úrgangsflokksins fari aðrar leiðir í samræmi við samning Úrvinnslusjóðs við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS).

### Fiskúrgangur

Fiskúrgangur kemur alla jafna lítið sem ekkert við sölu í úrgangstölfræði á borð við þá sem hér er sett fram. Ætla má að útgerðaraðilar og vinnslustöðvar komi stærstum hluta þessa úrgangsflokks í nýtingu, í það minnst þeim hluta sem fellur til á landi.



### Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur

Væntanlega kemur stærsti hluta þessa úrgangs fram í tölum þjónustuaðila og í flestum tilvikum liggja fyrir upplýsingar um ráðstöfun hans. Nægar vinnsluleiðir eru til fyrir hættuminni hluta þessa úrgangs (áhættuflokk 3) en enn eru þó dæmi um að hann sé sendur til urðunar.

### Pappírs- og pappaumbúðir (bylgjupappi)

Þetta er verðmætur úrgangsflokkur sem ætla má að skili sér allur til endurvinnslu. Í einhverjum tilvikum kann óverulegur hluti heildarmagnsins að lenda í öðrum pappírsflokkum í tölfræðinni, en það hefur ekki áhrif á ætlað endurvinnsluhlutfall.

### Pappírs- og pappaumbúðir (sléttur pappi og fernur)

Þessi úrgangsflokkur skilar sér væntanlega allur til endurvinnslu, svo fremi sem honum hefur verið safnað sérstaklega. Líklega lendir talsverður hluti heildarmagnsins í öðrum pappírsflokkum í tölfræðinni, en það hefur ekki áhrif á ætlað endurvinnsluhlutfall.

### Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)

Plastumbúðum er safnað sérstaklega í nær öllum sveitarfélögum, annað hvort einum og sér eða með pappa og pappír í svonefndar „græntunnur“. Enn leynist þó vafalítið talsvert af plastumbúðum í blönduðum úrgangi. Aðeins hluti þess sem safnast fer til endurvinnslu, þar sem hluti af úrganginum er ótækur í slíka vinnslu vegna óhreininda eða af öðrum ástæðum. Hér er gert ráð fyrir að 55% af úrgangsflokknum fari í raun í endurvinnslu, 40% í orkuvinnslu (í sorporkustöðvum) og að 5% séu óhreinindi sem er fargað. Þessi skipting byggir á reynslutölum á vefsíðum Terra.<sup>4</sup>

### Plastflöskur (með skilagjaldi)

Í flestum sveitarfélögum er til staðar söfnunarkerfi fyrir þennan úrgangsflokk, iðulega á vegum frjálsra félagasamtaka sem hafa tekjur af því að skila umbúðum og fá skilagjaldið endurgreitt. Þar sem aðstæður leyfa getur fólk sömuleiðis skilað umbúðum beint til móttökuaðila. Af þessum sökum endurspeglast magntölur ekki í tölum þjónustuaðila sveitarfélaganna. Tölur um magn skilagjaldsumbúða eru því áætlaðar miðað við höfðatölu út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu. Gert er ráð fyrir að allar þessar plastflöskur fari í endurvinnslu. Sú áætlun byggir á upplýsingum frá Endurvinnslunni hf.

### Málmumbúðir (án skilagjalds)

Þessi úrgangsflokkur kemur nær aldrei við sögu í tölum þjónustuaðila sveitarfélaganna, en ætla má að hann sé innifalinn í heildartölu fyrir málma (aðra en ökutæki). Eitthvað af málmumbúðum er væntanlega einnig tínt úr blönduðum úrgangi áður en gengið er frá honum til urðunar eða orkuvinnslu. Þær tölur skila sér ekki til sveitarfélaganna, þar sem úrgangurinn fór upphaflega frá þeim sem „blandaður úrgangur“. Hægt væri að áætla þessa hlutdeild út frá reynslutölum, en það er látið ógert hér. Vissulega myndi viðbótin vera til þess fallin að hækka endurvinnsluhlutfall heimilisérgangs, að svo miklu leyti sem málmumbúðirnar falla þar undir. Á móti kemur að málmar (aðrir en ökutæki) ættu síður en svo allir að flokkast sem heimilisérgangur eins og hér er þó gert ráð fyrir (sá neðar). Leiðrétting á því myndi hafa áhrif til lækkunar á reiknuðu endurvinnsluhlutfalli heimilisérgangs.

<sup>4</sup> Terra (á.á.): *Meðhöndlun úrgangs hjá Terra*. <https://www.terra.is/is/urgangsmedhondlun>.



### Áldósir (með skilagjaldi)

Sjá skýringar v/plastflöskur (með skilagjaldi) hér að framan. Gert er ráð fyrir að allar áldósir fari í endurvinnslu.

### Blandaðar umbúðir (úr grænum tunnnum)

Uppistaðan í þessum úrgangsflokki eru annars vegar pappírs- og pappaumbúðir og hins vegar plastumbúðir. Einnig kann eitthvað af málmum að safnast í þessar tunnur, en horft er fram hjá því hér. Af samtölum við þjónustuaðila má ráða að um 80% af þessum úrgangi sé tækur til endurvinnslu, en að um 20% sé fargað. Endurvinnanlegi hlutinn skiptist lauslega áætlað í 70% pappír og pappa og 30% plast. Sú skipting er ekki notuð hér, enda bera sveitarfélög ábyrgð á endurvinnsluhlutfalli heimilisúrgangs en ekki einstakra úrgangsflokka (sjá kafla 2.12).

### Glerumbúðir án skilagjalds

Þessi úrgangsflokkur (sultukrukkur o.s.frv.) er alla jafna ósýnilegur í tölum þjónustuaðila sveitarfélaganna, enda hefur honum ekki verið safnað sérstaklega hingað til. Algengast er væntanlega að þessi úrgangur lendi annað hvort í blönduðum úrgangi eða að einstaklingar og rekstraraðilar skili honum á móttökustöðvar í gáma fyrir óvirkan úrgang. Í tölum þjónustuaðila er sá hluti væntanlega innifalinn í flokkunum „Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik“, „Gler“ eða „Annar grófur úrgangur“. Glerumbúðum er hugsanlega haldið aðskildum á móttökustöðvum og þær síðan malaðar og notaðar sem fyllingarefni. Sú ráðstöfun er yfirleitt túlkuð sem endurnýting, en eftir gildistöku nýrra lagaákvæða 1. janúar 2023 telst þessi ráðstöfun því aðeins vera endurnýting ef úrgangurinn kemur í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni og hefði ella verið notað í sama tilgangi. Draga má í efa að þetta skilyrði sé uppfyllt við núverandi aðstæður og því er eðlilegt að líta á ráðstöfunina sem förgun. Í öllu falli liggur fyrir að ekkert af þessum úrgangi er endurunnið. Líta ber á glerumbúðir sem heimilisúrgang og af framanskráðu leiðir að heildarmagn heimilisúrgangs er vantalið í úrgangstölfræðinni eins og hún er sett fram hér, sem nemur magni þessa úrgangsflokks. Þetta leiðir jafnframt til þess að endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs er ofreiknað.

### Glerflöskur (með skilagjaldi)

Sjá skýringar v/plastflöskur (með skilagjaldi) hér að framan. Hér er gert ráð fyrir að allar glerflöskur með skilagjaldi séu malaðar og notaðar sem fyllingarefni. Sú ráðstöfun getur eftir atvikum flokkast sem endurnýting eða förgun, en hér er gert ráð fyrir að um förgun sé að ræða, sbr. skýringar hér að framan um glerumbúðir án skilagjalds. Í öllu falli liggur fyrir að ekkert af þessum úrgangi er endurunnið, sem endurspeglast þá í lægra endurvinnsluhlutfalli heimilisúrgangs en ella.

### Hjólbarðar

Ætla má að talsverðum hluta af þessum úrgangsflokki sé ráðstafað án milligöngu sveitarfélaga og komi því ekki fram í þeirri tölfræði sem hér er sett fram. Almennt virðist gert ráð fyrir að hjólbarðar séu kurlaðir og nýttir, t.d. sem undirlag eða yfirlag á urðunarstöðum, og að í þeim tilvikum sé litið á þessa ráðstöfun sem endurnýtingu. Eftir gildistöku nýrra lagaákvæða 1. janúar 2023 telst ráðstöfun sem þessi því aðeins vera endurnýting ef úrgangurinn kemur í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni og hefði ella verið notað í sama tilgangi. Draga má í efa að þetta skilyrði sé uppfyllt við núverandi aðstæður hvað hjólbarðana varðar og því er eðlilegt að líta á ráðstöfunina sem förgun.



## Ökutæki

Þessi úrgangsflokkur kemur nær aldrei við sögu í tölum þjónustuaðila sveitarfélaganna. Þar til bærir aðilar taka við úr sér gengnum ökutækjum, greiða skilagjald og koma tækjunum til áframhaldandi vinnslu. Hægt væri að áætla magnið frá einstökum sveitarfélögum út frá tölum á landsvísu (frá Úrvinnslusjóði), en það er látið ógert hér enda teljast ökutæki ekki vera heimilisúrgangur og hafa því ekki áhrif á þau úrgangsmarkmið sem sveitarfélögin bera ábyrgð á. Hins vegar bera sveitarfélög tiltekna ábyrgð á að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Því þurfa sveitarfélögin að hafa yfirsýn yfir söfnun úr sér genginna ökutækja, rétt eins og gildir um aðra úrgangsflokka.

## Rafhlöður og rafgeymar

Líklega fer eitthvað af þessum úrgangi (einkum rafgeymar) fram hjá kerfum sveitarfélaganna, en ekki liggja fyrir glöggar upplýsingar um það. Í samræmi við upplýsingar frá Terra Efnaeyðing hf. (áður Efnamóttakan) er litið svo á að þessi úrgangsflokkur fari allur til endurvinnslu. Ótilgreindur hluti af úrgangsflokknum telst vera heimilisúrgangur, en hér er gert ráð fyrir að það eigi við um allan þann úrgang af þessu tagi sem skilar sér inn í tölfraðina.

## Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik

Í þennan flokk fellur óvirkur úrgangur af ýmsu tagi. Hér er gert ráð fyrir að þetta efni sé urðað, annað hvort á urðunarstöðum fyrir almennan eða óvirkan úrgang. Í einhverjum tilvikum kann að vera litið á ráðstöfun þessa efnis sem landmótun, en hún telst samt ekki endurnýting í skilningi laga nema efnið komi í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni og hefði ella verið notað í sama tilgangi. Það á ekki við á urðunarstöðum.

## Timbur (hreint)

Ætla má að vörubretti úr timbri séu yfirgnæfandi hluti þessa úrgangsflokks. Vörubretti flokkast sem viðarumbúðir og teljast því heimilisúrgangur, hvort sem þau falla til á heimilum eða í atvinnurekstri. Gert er ráð fyrir að þetta eigi þá við um allan úrgangsflokkinn. Hér er reiknað með að allt hreint timbur sem til fellur sé nýtt sem kolefnisgjafi í iðnaði, en sú nýting telst til annarrar endurnýtingar.

## Timbur (annað eða óflokkað)

Þetta timbur nýtist ekki sem kolefnisgjafi vegna aukaefnanna sem í því leynast. Þetta timbur er víða kurlað og nýtt sem yfirlag á urðunarstöðum eða á annan sambærilegan hátt. Draga má í efa að timbrið komi þar í stað annars efnis, nema þá að litlu leyti. Því er vafamál að þarna sé um endurnýtingu að ræða og í samræmi við það er hér litið svo á að þessum úrgangsflokki sé í raun fargað.

## Gler

Í þennan flokk fellur gler frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi. Magntölur fyrir þennan úrgangsflokk koma ekki fram í tölum þjónustuaðila, þar sem þetta gler fer sennilega í sama farveg og annar óvirkur úrgangur (steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik).

## Plast

Í þennan flokk fellur plast frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi. Ætla má að þetta sé öðru fremur byggingarplast sem fari í endurvinnslu.



### Olíumengaður jarðvegur

Þessi úrgangsflokkur kemur sjaldnast fram í tölum þjónustuaðila og því er litlar ályktanir hægt að draga um heildarmagnið. Engir viðurkenndir förgunarstaðir eru til fyrir úrgang af þessu tagi og líklegt má telja að hann sé í mörgum tilvikum losaður á jarðvegstippa.

### Hreinn jarðvegur

Lítið fellur til að þessum úrgangsflokki ef marka má tölur þjónustuaðila. Ætla má að hreinn jarðvegur sé yfirleitt færður til og nýttur annars staðar, nánast jafnóðum, og að ekki sé litið á hann sem úrgang.

### Asbest (efni sem inniheldur asbest)

Lítið fellur til af asbesti, en þó geta fallið til stórir farmar í einstökum viðhaldsverkefnum, svo sem við endurnýjun gamalla hitaveitulagna og við niðurrif húsa frá tilteknu árabili. Það asbest sem til fellur á að fara til urðunar á viðurkenndum urðunarstað, þar sem fylgt er sérstöku verklagi til að forðast heilsutjón þeirra sem vinna við verkið.

### Annar grófur úrgangur

Líta má á þennan úrgangsflokk sem fremur illa skilgreindan safnflokk, eða jafnvel sem blandaðan úrgang sem ekki kemst í tunnur eða ker af venjulegri stærð. Af samtölum við þjónustuaðila má ætla að skipting úrgangsflokksins í undirflokka gæti verið nærri því sem hér segir:

Litað timbur	Allt að 50%
Málmar	A.m.k. 15%
Dýnur	Allt að 10%
Óvirkur úrg.	Allt að 10%
Annað (blandað)	A.m.k. 15%

Þjónustuaðilar leitast við að endurflokka þann úrgang sem til þeirra berst sem „grófur úrgangur“ og koma honum í þá úrvinnslu sem er hagstæðust hverju sinni í umhverfislegu og fjárhagslegu tilliti. Málmarnir (15% af heild) fara þá væntanlega allir í endurvinnslu. Þar er væntanlega einkum um að ræða þakjárn, steypujárn o.fl. sem fellur til við niðurrif mannvirkja og telst því ekki heimilisúrgangur. Öðrum undirflokkum sem hér eru tilgreindir er væntanlega fargað að langmestu leyti. Að vísu er e.t.v. hægt að líta á afdrif litaða timbursins og óvirka úrgangsins að einhverju leyti sem endurnýtingu, en það er ekki gert hér þar sem draga má í efa að efnið komi í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni og hefði ella verið notað í sama tilgangi (sjá framar).

Í safnflokknum „Grófur úrgangur“ leynast húsgögn, dýnur o.fl., sem í reynd er ekki byggingar- og niðurrifsúrgangur og ætti því að skilgreinast sem heimilisúrgangur og hafa þar áhrif á endurvinnsluhlutföll. Hér er farin sú leið að áætla að 10% af heildarmagninu sé í raun heimilisúrgangur, (sbr. áætlaða prósentutölu fyrir dýnur hér að framan). Það er þó líklega vanmat, þar sem væntanlega leynast húsgögn, glerumbúðir og fleiri tegundir heimilisúrgangs einnig í undirflokkunum „Óvirkur úrg.“ og „Annað (blandað)“.

### Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum

Í þennan flokk fellur úrgangur sem tilgreindur er sem „Sóttmengað“ og „Sprautunálar“ í tölum þjónustuaðila. Þarna er í öllum tilfellum um tiltölulega lítið magn að ræða og hér er gert ráð fyrir að því sé öllu fargað í Kólku.



### Brennsluleifar

Alla jafna er ekkert skráð í þennan úrgangsflokk.

### Úrg. frá skólphreinsistöðvum (m.a. ristarúrg.)

Gert er ráð fyrir að þessi úrgangur fari allur til urðunar.

### Málmar frá vélrænni meðhöndlun

Alla jafna er ekkert skráð í þennan úrgangsflokk.

### Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)

Hér er um að ræða heimilisúrgang sem væntanlega skilar sér allur til endurvinnslu. Trúnaðarskjölum er þó væntanlega fargað í Kólku.

### Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.

Hér er um að ræða lífúrgang sem er sérsafnað frá heimilum og fyrirtækjum, svo sem frá eldhúsum og mótuneytum. Ráðstöfun úrgangsins er misjöfn eftir svæðum, en almennt má ætla að sérsafnaður lífúrgangur fari allur til endurvinnslu. Undantekning frá þessu er lífúrgangur sem sendur er til vinnslu í gas- og jarðgerðarstöðinni GAJA, þ.e. svo lengi sem ekki er hægt að nýta moltuna sem þar er framleidd. Framleiðsla á metani úr lífrænum úrgangi telst endurnýting en ekki endurvinnsla. Einhver fleiri dæmi eru einnig um að afurðir jarðgerðar séu urðaðar eða nýttar til fyllingar vegna plasts og annarra óhreininda sem finna má í afurðinni.

### Fatnaður, skófatnaður og textíl

Söfnun og ráðstöfun þessa úrgangsflokks er að mestu á höndum Rauða kross Íslands (RKÍ) og annarra félagasamtaka. Þar af leiðandi endurspeglast magntölur ekki í tölum þjónustuaðila sveitarfélaganna. Hægt væri að áætla magnið frá einstökum sveitarfélögum út frá tölum á landsvísu (frá RKÍ), en það er látið ógert hér. Ekki er vitað með vissu hversu stór hluti þessa úrgangs er í raun enduruninn, en fljótt á litið er ólíklegt að innlimun hans í þá úrgangstölfræði sem hér birtist hafi mikil áhrif á endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs.

### Matarolía og feiti

Ætla má að þessi úrgangsflokkur sé endurnýttur með einum eða öðrum hætti til orkuvinnslu, svo sem með brennslu í sorporkuverum erlendis eða með framleiðslu á eldsneyti sem t.d. er notað til íblöndunar í jarðeldsneyti. Vafalaust mætti bæta söfnun og nýtingu þessa efnis verulega, en endurvinnsla er þó varla valkostur í því sambandi.

### Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki

Ætla má að tölur þjónustuaðila um þennan úrgangsflokk séu nokkuð áreiðanlegar. Í samræmi við upplýsingar frá þjónustuaðilum og frá Terra Efnaeyðing hf. er gert ráð fyrir að þessi úrgangsflokkur sé að mestu sendur til endurvinnslu, en líklega á það þó aðeins við um málmana í tækjunum. Aðrir hlutar þeirra eru líklega brenndir til orkuvinnslu eða þeim jafnvel fargað. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þessa skiptingu og í þessu tilviki er gert ráð fyrir að allt efnið sé endurunnið. Í því liggur einhver skekkja, en þess ber þó að geta að málmar eru væntanlega meirihlutinn af heildarmassa tækjanna.



### Málmar (aðrir en ökutæki)

Hér er gert ráð fyrir að skilgreina beri alla þessa málma sem heimilisúrgang, en það er þó engan veginn hafið yfir gagnrýni. Gera má ráð fyrir að úrgangsflokkurinn fari allur til endurvinnslu og eins og dæmið er sett fram hér vegur hann þungt til hækkunar á endurvinnsluhlutfalli heimilisúrgangs.

### Spilliefni (samtala)

Undir þennan flokk falla hvers konar spilliefni sem ekki eru tilgreind annars staðar, þ.m.t. ýmiss konar olúúrgangur, málning, aðrar efnavörur, ljósaperur o.fl. Áætluð ráðstöfun byggir hér á upplýsingum frá Terra Efnaeyðing hf. Í samræmi við þær er gert ráð fyrir að perur og vatnsmálning fari að mestu leyti til urðunar, að stærri farmar af úrgangsolúu nýtist til orkuvinnslu erlendis og að það sama gildi um u.þ.b. helming af þeirri olúmálningu sem til fellur. Gert er ráð fyrir að öll önnur spilliefni fari til förgunar í Kólku.

### Garðaúrgangur

Svo virðist sem garðaúrgangur sé almennt losaður á opnum svæðum eða á einhvers konar tipp án nokkurrar vinnslu. Algengt er að litið sé á þessa ráðstöfun sem endurnýtingu, þar sem þarna sé um landmótun að ræða. Ekki verður þó séð að þessi ráðstöfun uppfylli það skilyrði endurnýtingar að efnið komi í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni og hefði ella verið notað í sama tilgangi. Þvert á móti virðist landmótunin almennt hafa þann eina tilgang að losna við garðaúrganginn. Sé það rétt ber að líta á ráðstöfunina sem förgun og er þeirri meginlínu fylgt hér. Eflaust fellur til mikið af garðaúrgangi sem ekki kemur fram í tölum þjónustuaðila, enda algengt að eigendur úrgangsins losi sig sjálfir við hann án aðstoðar. Lífbrjótanlegur garðaúrgangur telst vera lífúrgangur og þar með heimilisúrgangur. Garðyrkjuúrgangur fellur hins vegar utan þeirrar skilgreiningar, en ólíklegt er að gerður sé greinarmunur á þessu tvennu í tiltækum tölum. Ef allur garðaúrgangur í heimilisúrgangsflokknum endurspegladist í tölum þjónustuaðila myndi það leiða til lækkunar á endurvinnsluhlutfalli heimilisúrgangs, nema í þeim tilvikum þar sem úrgangurinn er nýttur við moltugerð eða aðra vinnslu sem talist getur endurvinnsla.

### Blandaður úrgangur (sorþhirða)

Í þennan flokk fellur allur sá úrgangur sem tekinn er frá heimilum í reglubundinni hirðu. Væntanlega fer allt þetta magn til förgunar.

### Blandaður úrgangur (gámar)

Þessi úrgangsflokkur er væntanlega að miklu leyti sambærilegur þeim næsta á undan, að því frátöldu að honum er safnað með öðrum hætti. Líta ber á báða flokka sem heimilisúrgang.

### Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum

Þessi úrgangsflokkur er væntanlega að miklu leyti sambærilegur þeim tveim næstu á undan, að því frátöldu að honum er safnað með öðrum hætti. Allt er þetta að öllum líkindum heimilisúrgangur skv. skilgreiningu og allt fer þetta væntanlega til förgunar.

### Úrgangur frá gatnahreinsun

Þessi úrgangsflokkur inniheldur sand og alls konar rusl sem fellur til við hreinsun gatna. Þess er að vænta að þessi úrgangur sé mengaður af efnum frá umferð og væntanlega fer þetta allt í urðun.



### [Eðja frá rotþróum \(seyra\)](#)

Seyra er lífrænn úrgangur sem er tæknilega fremur auðvelt að vinna og nýta til landgræðslu á heppilegum svæðum. Víðast fer þetta efni þó til urðunar, eða er losað í gryfjur sem teljast eftir atvikum viðurkenndir losunarstaðir. Hvort heldur sem er telst ráðstöfunin vera förgun.